

Fundargerð 404. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2018, mánudaginn 28. maí kl. 19:10 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Neskaupsstað.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir, Lúðvík Geirsson og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fyrir fundinn heimsótti stjórn hafnasambandsins Hornafjarðarhöfn, Djúpavogshöfn, Breiðdalshöfn, Fjarðabyggðarhafnir og Seyðisfjarðarhöfn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samstarfsyfirlýsing um framkvæmd vigtarmála - 1805001HA

Lögð fram drög að samstarfsyfirlýsingu milli Hafnasambands Íslands og Fiskistofu um framkvæmd vigtarmála.

Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir drögin og felur formanni að undirrita yfirlýsinguna fyrir hönd hafnasambandsins.

2. Hafnaríkiseftirlit - landanir erlendra skipa á Íslandi - 1805002HA

Lagt fram bréf Fiskistofu, um eftirlit með erlendum skipum sem koma til íslenskra hafna, ásamt fylgiskjölum.

Ákveðið að senda bréfið á aðildarhafnir til kynningar.

3. Lög um mönnun hafstögu- og dráttarbáta - endurskoðun - 1612001HA

Lagt að nýju fram erindi um mönnun hafstögu- og dráttarbáta, dags. 15. febrúar 2017.

Samþykkt að senda erindi vegna málsins á ráðherra.

4. Gjaldskrá Reykjaneshafnar - 1805003HA

Lagt fram til kynningar minnisblað um gjaldskrá Reykjaneshafnar, dags. 19. mars 2018.

5. Óskað tilnefningar í samráðshóp um framtíðarskipun regluverks um uppboðsmarkaði sjávarafla - 1805004HA

Lagt fram bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 15. maí 2018, þar sem óskað er eftir tilnefningu í samráðshóp um framtíðarskipun regluverks um uppboðsmarkaði sjávarafla.

Samþykkt samhljóða að tilnefna Björn Arnaldsson í samráðshópinn fyrir hönd hafnasambandsins.

6. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Rætt um dagskrá Hafnasambandsþings.

Fundi var slitið kl. 20:15

Gísli Gíslason

Guðmundur M Kristjánsson

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Lúðvík Geirsson

Björn Arnaldsson